

Svar

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um bifreiðatryggingar.

1. *Hefur Fjármálaeftirlitið lagt mat á hvort tilefni sé til lækkunar á lögboðnum bifreiðatryggingum í ljósi afkomu tryggingafélaganna og stöðu bótasjóða, í samræmi við tilmæli þess árið 1999 um að váttryggingafélögin taki forsendur iðgjaldaákvörðunar til endurskoðunar? Ef svo er ekki, verður það þá gert og hvenær má vænta niðurstöðu?*

Samkvæmt upplýsingum Fjármálaeftirlitsins gaf þróun tjóna á fyrri hluta þessa árs fyrirheit um að svigrúm gæti skapast til iðgjaldalækkana í lögboðnum ökutækjatryggingum. Samkvæmt upplýsingum váttryggingafélaganna hefur þessi þróun hins vegar ekki haldið áfram, því sjá megi aukningu í tjónum á ný. Fjármálaeftirlitið mun fylgjast með þróun þessara mála, m.a. þróun tjónakostnaðar á seinni hluta þessa árs. Fyrr en sú þróun liggur fyrir er ekki tímabært að taka ákvörðun um hvort Fjármálaeftirlitið ráðist í sérstaka athugun á iðgjöldum.

2. *Hvernig hefur eigið fé, hagnaður, sjóðir og bankainnstæður tryggingafélaganna vaxið samanborið við váttryggingabætur á árunum 1999 og 2000 og fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs? Hverjar voru arðgreiðslur á þessu tímabili?*

Upplýsingar um rekstur og efnahag váttryggingafélaga birtast fyrst í ársreikningum einstakra váttryggingafélaga, sem allir eru opinber gögn, og síðan gefur Fjármálaeftirlitið út töflur með ársreikningunum ásamt sundurliðun eftir váttryggingagreinum á þeim reikningsliðum sem eðlilegt er að skipta niður. Fjármálaeftirlitið tekur hins vegar ekki saman upplýsingar úr árshlutareikningum váttryggingafélaga.

Eftirfarandi tafla sýnir eigið fé, hagnað, sjóði og bankainnstæður, bókfærð tjón (þ.e. greidd tjón) og tjón ársins árin 1999 og 2000 samkvæmt gögnum sem Fjármálaeftirlitið hefur gefið út. Einnig eru sýndar arðgreiðslur sem fram koma í skýringum ársreikninga váttryggingahlutafélaga.

Rekstur og efnahagur váttryggingafélaga annarra en Viðlagatryggingar, nokkrir liðir í millj. kr.

	2000	1999
Eigið fé	13.324	11.948
Hagnaður	1.490	1.342
Sjóður og bankainnstæður	2.853	3.103
Bókfærð tjón	14.464	12.909
Tjón ársins	18.679	14.858
Arðgreiðslur	261	205*

*Arðgreiðslur ársins 1999 miðast eingöngu við skaðatryggingafélög. Samsvarandi tala fyrir árið 2000 er 232 millj. kr.

Til þess að komast hjá tvítalningu er sleppt arðgreiðslum þeirra váttryggingafélaga sem alfarið eru í eigu annarra váttryggingafélaga, þ.e. Íslenskrar endurtryggingar hf. og Tryggingar hf.

3. *Hefur Fjármálaeftirlitið upplýsingar um tekjur váttryggingafélaganna aflögboðnum bifreiðatryggingum árin 1999 og 2000 og áætlaðar tekjur yfirstandandi árs auk tjónaskuldar vegna þeirra á sama tíma?*

Hluttur lögboðinna ökutækjatrygginga í rekstrar- og efnahagsliðum váttryggingafélaga árin 1999 og 2000 samkvæmt skýrslum Fjármálaeftirlitsins er sýndur í eftirfarandi töflu. Fjármálaeftirlitið tekur ekki saman upplýsingar um rekstraráætlanir váttryggingafélaga, þannig að það hefur ekki áætlun um tekjur váttryggingafélaga á yfirstandandi ári.

Lögboðnar ökutækjatryggingar	2000	1999
Bókfærð iðgjöld	6.791	4.967
Breyting á iðgjaldaskuld	920	682
Iðgjöld ársins	5.870	4.285
Bókfærð iðgjöld, hluti endurtryggjenda	120	128
Breyting á iðgjaldaskuld, hluti endurtryggjenda	0	-6
Endurtryggingariðgjöld	120	134
Eigin iðgjöld ársins	5.750	4.151
Fjárfestingartekjur af váttrygginga-/skaðatryggingarekstri	2.175	1.979
Aðrar tekjur að frádregnum hluta endurtryggjenda	0	0
Bókfærð tjón	5.611	5.052
Breyting á tjónaskuld	2.655	1.819
Tjón ársins	8.266	6.871
Bókfærð tjón, hluti endurtryggjenda	141	166
Breyting á tjónaskuld, hluti endurtryggjenda	179	113
Hluti endurtryggjenda í tjónum ársins	319	279
Eigin tjón ársins	7.947	6.592
Breyting á annari váttryggingarskuldb að frádregnum hluta endurtryggjenda	0	0
Ágóðahlutdeild og afsláttur að frádregnum hluta endurtryggjenda	67	44
Sölu- og skilnaðarkostnaður	670	517
Breyting á yfirfærðum sölu- og skilnaðarkostnaði	0	0
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	794	635
Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjenda	0	0
Hreinn rekstrarkostnaður	1.464	1.153
Annar kostnaður að frádregnum hluta endurtryggjenda	0	0
Breyting á útjöfnunarskuldb	-206	-689
Hagnaður eða tap af váttrygginga-/skaðatryggingarekstri	-1.347	-970
Iðgjaldaskuld frá fyrra ári	2.726	2.043
Iðgjaldaskuld til næsta árs	3.646	2.726
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldaskuldb frá fyrra ári	0	6
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldaskuldb til næsta árs	0	0
Tjónaskuld frá fyrra ári	17.461	15.642
Tjónaskuld til næsta árs	20.116	17.461
Hluti endurtryggjenda í tjónaskuldb frá fyrra ári	387	274

Lögboðnar ökutækjatrýggingar	2000	1999
Hluti endurtrygginga í tjónaskuld til næsta árs	566	387
Útjöfnunarskuld frá fyrra ári	476	1.165
Útjöfnunarskuld til næsta árs	270	476
Ágóðaskuld og afsláttur frá fyrra ári	41	34
Ágóðaskuld og afsláttur til næsta árs	65	47
Hluti endurtrygginga í ágóðaskuld og afslætti frá fyrra ári	0	0
Hluti endurtrygginga í ágóðaskuld og afslætti til næsta árs	0	0
Hlutfallstölur		
Tjón ársins/iðgjöld ársins	140,8%	160,3%
Hreinn rekstrarkostnaður/iðgjöld ársins	24,9%	26,9%
Fjárfestingartekjur/iðgjöld ársins	37,0%	46,2%
Tjón+hr. kostnaður – fjárfestingartekjur/iðgjöld ársins	128,7%	141,1%
Hagnaður eða tap af váttryggingarekstri/iðgjöld ársins	-22,9%	-22,6%
Eigin tjón/eigin iðgjöld	138,2%	158,8%
Eigin váttryggingarskuld/eigin iðgjöld	409,2%	489,6%

4. *Hefur verið staðið eðlilega að skattgreiðslum af hagnaði tryggingafélaganna með tilliti til framlaga í bótasjóði og hafa framlög í sjóðina verið eðlileg og í samræmi við áætlaðar tjónaskuldir á hverjum tíma að mati Fjármálaeftirlitsins?*

Eftirlit með skattgreiðslum váttryggingafélaga er á hendi skattýfirvalda. Fram kemur í svari Fjármálaeftirlitsins að því sé ekki kunnugt um annað en að váttryggingafélögin fari eftir gildandi skattareglum á hverjum tíma. Fjármálaeftirlitið fylgist með váttryggingarskuld hvers váttryggingafélags um sig og sérstaklega með tjónaskuld, einkum í lögboðnum ökutækjatrýggingum. Eins og fram hefur komið í skýrslum Fjármálaeftirlitsins um athuganir þess á síðustu árum hafa ekki verið gerðar sérstakar athugasemdir við mat einstakra váttryggingafélaga á henni.

Vegna orðalags spurningarinnar er nauðsynlegt að gefa skýringar á hugtökum. Eins og orðanotkun í reikningsskilum og rekstri fyrirtækja hefur þróast er heitið bótasjóður rangnefni, þótt það hafi verið notað í ársreikningum váttryggingafélaga fram til ársins 1995. Um er að ræða skuldalið vegna þegar orðinna en óuppgerðra tjóna. Líðurinn heitir nú tjónaskuld, sem er eðlilegra heiti. Breytingar á tjónaskuldinni eru færðar í rekstrarreikning og koma þar fram sem gjaldaliður ef tjónaskuld hækkar milli ára. Ekki er rétt að tala um framlög í því sambandi, vegna þess að breytingin er mismunur tjónaskuldar við upphaf og lok ársins.

5. *Hver hafa vísitöluáhrif iðgjaldahækkana á bifreiðatryggingum verið síðastliðin þrjú ár?*

Viðskiptaráðuneytið hefur ekki undir höndum upplýsingar um áhrif iðgjaldahækkana á vísitölu, enda heyrna mál er lúta að vísitölum og útreikningi þeirra undir ráðherra Hagstofu Íslands. Ráðuneytinu er því ekki fært að svara framangreindum lið.

6. *Hvað líður skoðun Samkeppnisstofnunar á meintu samráði tryggingafélaga og fákeppni á tryggingamarkaði og hvenær er að vænta niðurstöðu?*

Samkvæmt upplýsingum Samkeppnisstofnunar er athugun stofnunarinnar á samkeppnisháttum á váttryggingamarkaðnum árin 1993–1999 langt komin. Er niðurstöðu hennar að vænta á næstu mánuðum.

7. Hvað má áætla að mikið fé hjá tryggingafélögunum losni úr tjónaskuld fyrir árin 1997–2000 að mati Fjármálaeftirlitsins?

Fjármálaeftirlitið spáir ekki um matspróun einstakra ára eða tímabila nema í undantekningartilvikum. Þannig liggur t.d. ekkert fyrir annað en tjónaskuldin sjálf um það hver verði endanlegur kostnaður vegna tjóna sem urðu á árunum 1997–2000. Þess má hins vegar geta að við reikningskil vegna ársins 2000 var mat eldri tjóna (sem urðu 1999 eða fyrr) lækkað um 2,6 milljarða kr. frá mati þeirra í byrjun ársins. Af þeirri lækkun voru 1,4 milljarðar kr. í lögboðnum ökutækjatrýggingum.